



Dagsetning: 9. mars 2026
Málsnúmer: 2512042/5.0

Til fjölskyldunefndar

MINNISBLAÐ

Efni: Starfamessa Austurlands 24. september 2026

Starfamessa Austurlands verður haldin í annað sinn fimmtudaginn 24. september nk. kl 10-13 í íþróttahúsinu í Neskaupstað. Á starfamessu mæta allir nemendur í 9. og 10 bekk grunnskóla á Austurlandi ásamt fyrsta og annars árs nemendum framhaldsskóla, alls um 500 nemendur.

Markmið starfamessu er að kynna störf og starfsgreinar í heimabyggð fyrir ungu fólki í landshlutanum og að vekja athygli á fjölbreyttum framtíðartækifærum á Austurlandi. Verkefnið er hluti náms- og starfsráðgjafar og liður í því að efla samstarf milli skóla þar sem nemendur alls staðar af Austurlandi fá tækifæri til að koma saman og kynnast.

Starfameissan verður með svipuðu sniði og árið 2024. Þar munu fyrirtæki, félög, starfsgreinar og skólar kynna nemendum störf á Austurlandi og hvaða menntunar er krafist þar sem það á við. Þá eru kennarar hvattir til að kynna sér starfsgreinar og námskröfur og miðla þeirri þekkingu áfram til nemenda.

Starfamessa er kynning á störfum og námi en ekki fyrirtækjakynning og er fyrirtækjum skylt að fylgja reglum um kynningar, auglýsingar og gjafir í grunnskólum sem takmarka mjög dreifingu auglýsinga og annars efnis.

Framundan er frekari kynning á viðburðinum og verður reynt að tryggja þátttöku sem flestra fyrirtækja og félaga. Mikilvægt er að starfsmenn sveitarfélaga, sveitarstjórnarfolk og aðrir styðji við viðburðinn með þátttöku og jákvæðu umtali.

Allar hugmyndir sem geta bætt viðburðinn og upplifun nemenda eru vel þegnar og er óskað eftir sjónarmiðum og tillögum um það á til Hjördisar Helgu Seljan kennsluráðgjafa í Fjarðabyggð netfang hjordis.helga@fjardabyggd.is

Starfamessa Austurlands er samstarfsverkefni og að baki verkefninu standa:

Sveitarfélögin á Austurlandi
Menntaskólinn á Egilsstöðum
Verkmenntaskóli Austurlands
Austurbrú og SSA



Líneik Anna Sævarsdóttir
Stjórnandi fræðslumála og skólaþjónustu

